



Starfslýsing fyrir umsjónarmann skólavistunar

1. Það er einn umsjónarmaður skólavistunar í Grenivíkurskóla og lýtur hann verkstjórn skólastjóra. Hann hefur yfirumsjón með nemendum í skólavistun.
2. Umsónarmaður skólavistunar, sem aðrir starfsmenn skóla, er bundinn þagnarskyldu. Þagnarskylda helst þótt látið sé af störfum.

Helstu verkefni umsjónarmanns skólavistunar eru:

- Að taka á móti nemendum þegar þeir koma í skólavistun og fylgja þeim í anddyri skólans þegar þeir fara heim.
- Að hafa umsjón með nemendum á meðan þeir eru í vistun og aðstoða þá við að fara í fötin sín þegar þeir fara heim.
- Að halda utan um síðdegishressingu fyrir nemendur.
- Að stuðla að fjölbreytileika í starfsemi vistunar eins og með fjölbreyttum verkefnum, útiveru, lestri, hreyfingu og heimanámi.
- Að vinna með umsjónarkennurum yngsta stigs ef þurfa þykir.
- Að veita fyrstu hjálp ef slys eða óhöpp ber að höndum.
- Að gera húsverði viðvart um allar bilanir, sem vart verður við.
- Að sinna öðrum þeim verkefnum sem skólastjóri felur honum og fellur undir skólastarf án þess að vera kennsla.